



Hreppsnefnd 14.05.08

Hreppsnefndarfundur haldinn miðvikudaginn 14. maí 2008 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 12.00

Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.. Ennfremur frá KPMG Hlynur Sigurðsson og Magnús Jónsson.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 8. maí sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 8. maí sl.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. mál Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps 2007-Endanleg drög ársreiknings fylgja- Endurskoðendur KPMG mæta á fundinn með endanlegan ársreikning og skýrslu sína.
Á fundinn voru mættir endurskoðendurnir Hlynur Sigurðsson og Magnús Jónsson frá KPMG. Lagður fram ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2007 fyrir A- og B-hluta sjóði, ásamt sundurliðunum. Jafnframt lögð fram skýrsla endurskoðenda með ársreikningum 2007. Ennfremur lögð fram greinargerð sveitarstjóra með ársreikningum ársins 2007. Gerði hann síðan grein fyrir fyrirliggjandi gögnum og las upp greinargerð sína sem er svofelld:

„Greinargerð með ársreikningum Vopnafjarðarhrepps A- og B- hluta fyrir árið 2007 við afgreiðslu þeirra við fyrri umræðu í hreppsnefnd 14. maí 2008.

Ársreikningar Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta sjóða fyrir árið 2007 eru lagðir fram til fyrri umræðu á fundi hreppsnefndar hér í dag, 14. maí 2008. Alls samanstanda reikningarnir af 13 sjóðum sem skiptast í 3 A- hluta sjóði og 10 B-hluta sjóði.

Heildartekjur A- hluta sveitarsjóðs voru 378,2 m. kr., þar af voru útsvar og fasteignaskattur 194,2 m.kr., framlög jöfnunarsjóðs 137,3 m. kr. og aðrar tekjur 46,7 m. kr.

Heildargjöld voru á hinn vænginn 318,0 m. kr., þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða.

Í heild var rekstrarniðurstaða 60,2 m.kr. á A- hluta sveitarsjóðs eftir afskriftir og fjármagnsliði.

A- hluti sveitarsjóðs skilar um 52,6 m.kr. í hagnað fyrir afskriftir og fjármagnsliði svokölluð EBITDA, en samstæðan öll, þ. e. A hluti að viðbættum B-hluta sjóðum er rekin með liðlega 79,4 m. kr. hagnaði á sama grunni, þ. e. EBITDA.

Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 465,8 m. kr., en heildarútgjöld þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnskostnaðar voru 451,5 m. kr. Samstæðan öll var samkvæmt því rekin með 14,3 m. kr. rekstrarafgangi og hefur þá verið tekið tillit til reiknaðra afskrifta að fjárhæð 32,4 m.kr., sem er í raun reiknuð fjárhæð sem tekin er frá til viðhalds eigna sveitarfélagsins. Ennfremur hefur verið reiknað með fjármagnsliðum sem námu, nettó 32,7 m.kr.

Í heild skiptast útgjöld samstæðunnar þannig:

M.kr. í %

Laun og launatengd gjöld 213,3 47,2

Breyting lífeyriskuldbindinga 3,3 0,7

Annar rekstrarkostnaður 169,8 37,6

Afskriftir 32,4 7,2

Fjármagnstekjur/fjármagnsgjöld 32,7 7,3

Samtals 451,5 100,0

Af framansögðu er ljóst að afkoma B-hlutasjóða er erfið og er A-hlutinn í raun að leggja 46 milljónir króna með B-hlutanum. Þessi staðreynd er eitthvað sem nauðsynlegt er að skoða vel og huga að því hvort e-ð er hægt að gera til úrbóta. Langstærsti hluti erfiðrar rekstrarniðstöðu B-hlutasjóðanna er vegna reiknaðra verðbóta og er ljóst að hraði verðbólgunnar á síðasta ári hefur veruleg áhrif á uppgjör ársins 2007.

Á síðasta ári var gripið til ýmissa aðgerða til þess að lækka rekstrarkostnað og reynt að vera á tánum hvað varðaði rekstrarkostnað hinna mismunandi deilda í góðri samvinnu við forstöðumenn deildanna.

Á árinu voru einnig seld hlutabréf að markaðsviðri tæpar 90 m.kr. sem nýttar voru til þess að greiða niður skuldir og lámarka þörf fyrir nýjar lántökur. Slík aðgerð skiptir sköpum þegar aðstæður eru eins og raun ber vitni á fjármagnsmörkuðum. Í þessum efnum er rétt að geta þess að til skoðunar hefur verið hvort æskilegt er að greiða upp allar skuldir Skiphólma ehf., sem stofnað var til vegna kaupa á hlutafé í Tanga h/f, nú HB Granda h/f. Þessi aðgerð ein og sér mundi lækka fjármagnsgjöld um 15-20 m. kr. á ársgrundvelli miðað við þau vaxtakjör sem eru í gangi í dag.

Hugmyndir hafa einnig verið uppi um það að ganga lengra í sölu eigna og greiða upp enn stærri hluta heildarskulda, sem lækka mundi fjármagnsgjöld til muna. Til mikils er að vinna á þessu sviði, þar sem vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur í samstæðunni allri er 96,8 m.kr. í ársreikningi 2007. Helstu eignir sem hugsanlegt er að selja í þessu sambandi eru hótél, íbúðir, jarðir og hlutabréf.

Við gerð ársreikninga fyrir árið 2005 var tekið á ýmsum þáttum með öðru sniði en áður hafði verið gert. Meðal annars voru færðar upp lífeyrisskuldbindingar, áfallið ótekið orlof og óbeinar afskriftir. Þessi háttur er einnig viðhafður í uppgjóri ársins 2007. Hækkun á niðurfærslu krafna á árinu 2007 var 5,7 m.kr. og einnig var gjaldfærð hækkun á lífeyrisskuldbindingum að fárhæð 3,3 m.kr. Lífeyrisskuldbindingar alls í efnahagsreikningi eru 39,3 m.k í árslok 2007.

Varðandi nánari útlistun á þessum hlutum er að öðru leyti vísað til endurskoðunarskýrslu KPMG með ársreikningi 2007 og skýringa með ársreikningi.

Á árinu var ráðist í margvíslegar framkvæmdir. Stærstu framkvæmdirnar voru hafnarframkvæmdir þar sem unnið var að niðurrekstri stálþils og dýpkun. Með aðgerð þessari var Miðbryggjunni svokölluðu fargað og fullgild nútíma hafnarviðlega kemur í staðinn. Auk þess skapaðist landrými, sem veitir möguleika á úthlutun góðra byggingarlóða á hafnarvæðinu. Ráðist var í byggingu viðbyggingar við leikskólann. Unnið að hellulögn og fegrunarframkvæmdum á miðbæjarsvæðinu, sem hefur breyst mjög til bóta.

Til viðbótar þessu var unnið að margvíslegum minni verkefnum, lagfærðir leikvellir, framkvæmdir við útrásir, vatnsveitu, tækja -og bílakaup o. fl.

Framkvæmdirnar voru fjármagnaðar annars vegar með sölu eigna og veltufé frá rekstri og hins vegar með lántökum.

Meginhluti langtímalána sveitarfélagsins eru tengd vísitölu neysluverðs og eru reiknaðar verðbætur og gengismunur ársins 45,8 milljónir. Fjárhæð þessi kemur til hækkunar á höfuðstól lána sveitarfélagsins og á móti er fjárhæðin færð til gjalda í rekstri þess árið 2007, en kemur til greiðslu á eftirstöðvatíma lánanna. Ljóst má því vera að verðbólguþróun ræður miklu um afkomutölur sveitarfélaga.

Mikilvægt er því fyrir sveitarfélög eins og flest önnur fyrirtæki að ríkisstjórninni takist að halda verðlagi stöðugu.

Þrátt fyrir mikil umsvif í rekstri og framkvæmdum í A- og B-hluta voru greidd niður lán að fjárhæð 64 m. kr. á árinu en á móti voru tekin ný lán að fjárhæð 48,9 m.kr. Uppgreiðslur umfram nýjar lántökur námu því 15,1 m.kr., en þegar tekið hefur verið tillit til reiknaðra verðbóta og fleiri þátta þá hækka langtímalán sveitarfélagsins úr 724,7 m.kr árið 2006 í 751,4 m.kr. árið 2007 eða um 26,7 m.kr. milli árana 2006 og 2007 í samstæðunni allri.

Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum verðbótum, hagnaði og skuldbindingum er veltufé frá rekstri 42,8 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er 55 m.kr. Þessi fjárhæð gengur síðan ásamt seldum eignum og nýjum lántökum til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána eins og fram hefur komið.

Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé í árslok er 65,2 m.kr. en var í upphafi ársins 16,7 m. kr.

Í árslok 2007 átti Vopnafjarðarhreppur hlutabréf í HB Granda að nafnvirði 39,6 m.kr. og voru þau bókfærð á 208 m.kr. Miðað við markaðsgengi bréfanna 12 er andvirðið 475,2 m.kr. Mismunur á

bókfærðu verði og markaðsvirði er því 267,2 m.kr. Rétt er þó að geta þess að markaðsgengið hefur rokkað nokkuð til.

Eins og margoft hefur verið bent á er það á hverjum tíma umhugsunarefni forsvarsmanna sveitarfélagsins hvað heppilegast er að gera við eign af þessu tagi, þrátt fyrir að ávöxtun þessara hlutabréfa hafi verið góð síðustu ár.

Gert hefur verið ráð fyrir því í 3ja ára fjárhagsáætlun 2008-2011, að tekin verði ákveðin skref í því að afsetja bréfin þ.a. andvirði þeirra nýtist sem best til góðra hluta í sveitarfélaginu. Hvort heldur er til uppgreiðslu lána eða annarra hluta sem nauðsynlegir eru taldir. Þessi mál verða til nánari umfjöllunar og ákvarðanatöku á árinu 2008.

Vopnafirði 14. maí 2008

Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri“

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að ársreikningum Vopnafjarðarhrepps A- og B- hluta sjóða yrði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn sem verður 22. maí n. k.

Því næst fóru löggiltir endurskoðendur yfir ársreikningana og skýrslu sína og skýrðu helstu stærðir og endurskoðunaraðferðir og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

Allmiklar umræður urðu um fyrirliggjandi gögn og settar fram margvíslegar spurningar sem endurskoðendur og sveitarstjóri svöruðu.

Tillaga sveitarstjóra um að vísa ársreikningunum til síðari umræðu í sveitarstjórn var síðan borin undir atkvæði.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. mál Deiliskipulagstillaga ásamt greinargerð af svæði hafnarinnar. Áður kynnt á fundi hreppsnefndar 8. maí sl.

Tekin fyrir að nýju deiliskipulagstillaga af hafnarsvæði. Um tillöguna hafði áður verið fjallað á fundi nefndarinnar 8. maí sl.

Lögð fram lítillega lagfærð deiliskipulagstillaga unnin af Teikn á lofti dags. 29. apríl 2008. Um tillöguna hefur verið fjallað á fundi skipulags- og bygginganefndar 13. maí sl. og á fundi hafnarnefndar 13. maí sl. Í báðum þessum nefndum var samþykkt að tillagan yrði send til auglýsingar með lögskipuðum hætti.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og fyrirliggjandi gögnum. Lagði hann fram svofellda tillögu: „Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra í samvinnu við hönnuð tillögunnar, Teikn á loft, að senda hana til auglýsingar á lögskipaðan hátt.“

Nokkur umræða varð um málið og var síðan tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00